

✉ Re: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðis í Hveragerði.

Búið til	29.12.2021 09:48:52
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	29.12.2021 09:48:48
Tilheyrir	 202112-0036 - Árhólmasvæði í Hveragerði - breyting á deiliskipulagi

Efni

Re: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðis í Hveragerði.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	29.12.2021 09:48:48	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	gfb@hveragerdi.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202112-0036 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar, dags. 15. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðis í Hveragerði. Breytingin felur í sér lóðir fyrir upphafs- og endapall svifbrautar við Hengladalaá og stækkun bílastæðis við þjónustumiðstöð. Samhliða breytingu á deiliskipulagi er auglýst breyting á aðalskipulagi Hvergerðisbæjar, sem felur í sér nýtt ferðamanna- og afþreyingarsvæði við Hengladalaá, stækkun á verslunar- og þjónustusvæði og nýjar gönguleiðir.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna þessara breytinga á aðal- og deiliskipulagi þann 20. september 2021. Í umsögninni kom fram að Náttúrufræðistofnun telur að áætlaður turn við upphafspall svifbrautar muni hafa mikil ásynðaráhrif og skerða landslag svæðisins. Mælt var til þess að í deiliskipulagi væru sýndar myndir af væntanlegu útliti turnsins til að leggja mat á ásynðaráhrifin.

Í deiliskipulagstillögunni eru sýndar nokkrar tölvugerðar myndir af turninum, m.a. séðum frá þjóðveginum í Kömbunum. Greinilegt er að ásynðaráhrif á landslag svæðisins verða mikil. Þá kemur fram að turninn verði allt að 13 metrar á hæð en í skipulagslýsingu var talað um 8-12 metra háan turn. Náttúrufræðistofnun

stendur við fyrri athugasemdir sínar um neikvæð áhrif turnsins á landslag svæðisins. Mikilvægt er að vel takist til við hönnun, efnisval og framkvæmd til að draga sem mest úr ásýndaráhrifum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulags- og matslýsingu var einnig bent á að það þyrfti að gera grein fyrir áhrifum starfsemi svifbrautar á umferð þjóðveggarins í Kömbum og hvort af henni stafi truflun eða slyshætta og eins þarf að gera grein fyrir veðurfarslegum þáttum sem geta haft áhrif á starfsemi svifbrautarinnar. Ekki er fjallað um þessi atriði að neinu ráði í deiliskipulagstillögunni.

Áhrif á gróðurfar eða jarðminjar verða minniháttar en gæta þarf þess við hönnun og framkvæmd á göngustígum að ekki komi til óþarfa rasks.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna eða aðalskipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Guðmundur F Baldursson" <gfb@hveragerdi.is>

To: "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "Gunnlaugur Jónasson" <gunnlaugur@olfus.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Minjastofnun" <postur@minjastofnun.is>; "hs@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Hannes Sigurðsson" <hsver@simnet.is>

CC:

Subject: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðis í Hveragerði.

Date: 15.12.2021 08:23:11

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum þann 9. desember sl. að kynna fyrir íbúum bæjarins og öðrum hagsmunaaðilum, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðis í Hveragerði, forsendur hennar og umhverfismat, í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér lóðir fyrir upphafs- og endapalli svifbrautar (Zip-line) við Hengladalaá og stækkun bílastæðis við þjónustumiðstöð á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst í janúar nk. samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi á Árhólmasvæðinu, sem felur í sér nýtt ferðamanna- og afþreyingarsvæði við Hengladalaá, stækkun á verslunar- og þjónustusvæðis og nýjar gönguleiðir.

Allar nánari upplýsingar um málið veitir skipulagsfulltrúi í síma 483 4000. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið gfb@hveragerdi.is (<mailto:gfb@hveragerdi.is>)

Meðfylgjandi er tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðisins og tillaga að breytingu á aðalskipulagi.

Kær kveðja,

Guðmundur F. Baldursson

Skipulagsfulltrúi

Sími: 483 4000; 660 3910

Viðhengi

image001.png (5 KB)